



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2019

R19040149

Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins - tillaga að málsmeðferð

Lagt er til að borgarráð samþykki að tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 21. apríl 2019, verði vísað inn í þær viðræður sem Reykjavíkurborg hefur óskað eftir með bréfi til Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. apríl 2019.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf borgarstjóra til Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 9. apríl 2019, ásamt fylgiskjölum.

Umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 10. maí 2019.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Álfabakka 16
109 REYKJAVÍK

Viðræður um að bæta og formfesta samstarf leikskóla Reykjavíkurborgar við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Á fundi borgarráðs þann 21. mars 2019 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksin fram tillögu um að gera bólusetningar að skilyrði við innritun barna í leikskólum í Reykjavík. Í kjölfarið var óskað eftir umsögn Embættis Landlæknis um tillöguna. Svar barst frá sóttvarnarlækni Landlæknisembættisins þann 2. apríl sl. Í því bréfi skorar sóttvarnarlæknir á borgarstjóra að bæta og formfesta samstarf leikskóla við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins líkt og gert er í grunnskólum. Telur hann að með viðveru hjúkrunarfræðinga í leikskólum væri hægt að bregðast við ýmsum lýðheilsuvandamálum sem þar koma upp ásamt því að skólahjúkrunarfræðingar geti farið yfir bólusetningar barna líkt og gert er í grunnskólum.

Borgarstjórinn í Reykjavík óskar því hér með eftir viðræðum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um ofangreint.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn Embættis Landlæknis um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að gera bólusetningu að skilyrði við innritun barna á leikskólun í Reykjavík, dags. 2. apríl 2019

Borgarráð Reykjavíkur
c/o Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur
e-mail: olof.magnusdottir@reykjavik.is

Reykjavík, 2. apríl 2019
1903194/6.5/jjh

Efni: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 21.3.2019 um að gera bólusetningu að skilyrði við innritun barna á leikskólum í Reykjavík – R18090041.

Í greinargerð með ofangreindri tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er lagt til að Reykjavíkurborg nýti sér heimild í lögum um leikskóla nr. 90/2008 til að gera þátttöku í almennum bólusetningum að skilyrði fyrir inngöngu í leikskólum með fyrirfram skilgreindum undantekningum. Eins er lagt til að skilyrða að starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar framvísi bólusetningavottorði til staðfestingar á sínum bólusetningum.

Í greinargerðinni koma fram nokkur atriði sem sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að gera athugasemdir við:

I. Þátttaka í almennum bólusetningum

Sóttvarnalæknir hefur tjáð sig opinberlega og í árlegum skýrslum um að þátttaka í bólusetningum sé almennt viðunandi. Einu undantekningarnar eru þátttaka í bólusetningum við 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára aldur.

Í ársskýrslum sóttvarnalæknis er þess einnig getið að þátttökutölur kunni að vera hærrí vegna atriða sem raktar eru í skýrslunum. Líklega er hér vægt til orða tekið og má telja líklegt og sennilegt að þátttakan sé betri en þar kemur fram. Frekari rökstuðningur fyrir þessu kemur síðar í þessari greinargerð.

II. Mislingafaraldur í Evrópu

Það er rétt að mislingafaraldur hefur geisað í Evrópu á undanförunum árum eins og sóttvarnalæknir hefur marg oft bent á. Þau fáu mislingatílfelli sem komið hafa upp á Íslandi á undanförunum árum hafa komið hingað með ferðamönnum en smit hefur ekki dreifst til annarra. Þau börn sem fengið hafa mislinga hér hafa verið of ung til að fá bólusetningu samkvæmt því skema sem hér gildir og hefði bólusetningaskylda því engu breytt þar um. Sú staðreynd að bólusetningar hafa ekki náð að breiðast út hér á landi sýnir betur en nokkuð annað að þátttakan er það góð að hjarðónæmið er í lagi.

III. Heildarhagsmunir samfélagsins

Á undanförunum árum hefur þátttaka barna í mislingabólusetningu við 18 mánaða aldur verið um 91-93% eins og fram kemur í ársskýrslum sóttvarnalæknis. Við 12 ára aldur (sprauta nr. 2) hefur hún hins vegar verið um og yfir 95%. Þegar litið er á hversu margir á aldrinum 2-10 ára í dag hafa fengið a.m.k. eina bólusetningu gegn mislingum þá kemur í ljós að um 96% hefur verið bólusettur sem er viðunandi þátttaka. Þetta þýðir að margir (um 7-9%) missa af

bólusetningunni við 18 mánaða aldur en fá hana síðar. Þetta þýðir einnig að innköllunarkerfi heilsugæslunnar þarf að bæta.

IV. Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Í ljósi hugmynda um útfærslu tillagna sjálfstæðisflokksins þá telur sóttvarnalæknir nauðsynlegt að fram fari lögfræðileg úttekt á tillögunum en það er ekki á verksviði sóttvarnalæknis að gera slíkt.

V. Samantekt

Það hefur verið álit sóttvarnalæknis að óviðunandi þátttaka í bólusetningum við 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára aldur skýrist af ófullnægjandi skráningu bólusetninga á heilsugæslunni ásamt ófullnægjandi innköllunarkerfi en ekki andstöðu foreldra. Þetta er rökstutt með ýmsum skoðanakönnunum og einnig góðri þátttöku í bólusetningum á öðrum aldursskeiðum.

Á síðastliðnu ári hefur verið unnið að því að bæta ofangreinda þætti og er árangurinn ekki enn kominn í ljós því bólusetningaskýrsla 2019 um bólusetningar ársins 2018 verður ekki gefin út fyrr en um mitt ár 2019. Eins og að framan hefur verið bent á, þá er þátttaka 2-10 ára barna hér á landi um 96% og styður það að bæta þurfi innköllunar- og skráningarkerfi heilsugæslunnar. Þátttakan er því betri en skýrslur sóttvarnalæknis segja til um.

Óvíst er því hvort skyldubólusetning með miklum tilkostnaði og umstangi myndi bæta þátttökutölur svo nokkru nemi. Hins vegar er hætta á að andstaða gegn bólusetningu gæti aukist við þessar ráðstafanir sem gæti minnkað þátttökuna frá því sem nú er. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt þetta og einnig að skyldubólusetningar eru erfiðar í framkvæmd og skila oft ekki tilætluðum árangri.


Það er því skoðun sóttvarnalæknis að lagfæra þurfi skráningar- og innköllunarkerfi heilsugæslunnar áður en bólusetningar verða gerðar að skyldu fyrir innritun á leikskólum borgarinnar.

Skyldubólusetning er þrautarúrræði sem ekki á að grípa til nema ef önnur úrræði duga ekki. Bólusetning er í eðli sínu ekki pólitísk ákvörðun heldur byggir á lýðheilsuáttáttum á þeirri ógn sem stafar af tilteknum smitsjúkdómum. Samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997, er sóttvarnalæknir sá opinberri aðili (undir yfirstjórn ráðherra) sem metur lýðheilsuhættu hér á landi af völdum smitsjúkdóma og skipuleggur opinberar sóttvarnaráðstafanir þ.m.t bólusetningar.

Mat sóttvarnalæknis er að nú sé ekki bráð lýðheilsuhætta á ferðum sem réttlæti örþrifaráð í málefnum bólusetninga.

Hins vegar vill sóttvarnalæknir skora á borgarstjórn að bæta og formfesta samstarf leikskóla við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins líkt og gert er í grunnskólum. Með viðveru hjúkrunarfræðinga í leikskólum væri hægt að bregðast við ýmsum lýðheilsuvandamálum sem þar koma upp eins og t.d. lúsarfaröldrum og njálg sem leikskólarnir eiga oft erfitt með að fást við og auðveldar allt samstarf við heilbrigðiskerfið. Skólahjúkrunarfræðingar geta einnig farið yfir bólusetningar barna líkt og gert er í grunnskólum og bent foreldrum á ef úrbóta er þörf. Þessi nálgun myndi auka samstarf við foreldra, væri líkleg til að skila árangri og myndi bæta lýðheilsustarf innan veggja leikskólanna.

Virðingarfyllst,


Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins svo auka megi þátttöku barna í almennum bólusetningum

Á fundi borgarráðs þann 11. apríl 2019 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Borgarráð samþykkir að leita samstarfs við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um aukna þátttöku barna í almennum bólusetningum. Leitast verði eftir því að heilsugæslan tryggji viðveru hjúkrunarfræðings í leikskólum borgarinnar með sambærilegum hætti og tíðkast í grunnskólum landsins. Hjúkrunarfræðingi yrði falið að framkvæma almennar bólusetningar leikskólabarna við 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára aldur inni á leikskólunum, að höfðu samráði og gefnu samþykki foreldra. Þannig mætti tryggja aukna þátttöku barna í almennum bólusetningum.

Eins yrði kannað hvort fela mætti hjúkrunarfræðingi þroskamat og þroskaskimun barna inni á leikskólum við 12 mánaða, 18 mánaða, 2 ½ árs og 4 ára aldur. Ætla má að leikskólar barnanna séu æskilegra umhverfi fyrir slíka þroskaskimun enda hefðbundið umhverfi barnanna. Eins gæti viðvera hjúkrunarfræðings stuðlað að bættu lýðheilsustarfi innan leikskólanna og betri viðbrögðum við þeim lýðheilsuvandamálum sem upp geta komið.

Þann 2. maí 2019 er tillagan send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fagnar áhuga á aukinni heilbrigðisþjónustu fyrir leikskólabörn í Reykjavík. Þann 9. apríl sl. sendi borgarstjórinn í Reykjavík bréf til heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað var eftir viðræðum um aukið samstarf heilsugæslunnar og leikskóla Reykjavíkurborgar. Lagt er til í bréfinu að samstarf milli Heilsugæslunnar og leikskólanna yrði bætt og formfest líkt og gert er í grunnskólum. Tilgangur þess væri til að mynda að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í leikskólum svo hægt sé að bregðast við ýmsum lýðheilsuvandamálum sem þar koma upp ásamt því að skólahjúkrunarfræðingar geti farið yfir bólusetningar barna líkt og gert er í grunnskólum. Telur skrifstofa borgarstjóra og borgarritara því að tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sé gott innlegg inn í þær viðræður.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Theódóra Sigurðardóttir